

Nd.

645. Frumvarp

til laga um samþyktir um akfæra sýslu- og hreppavegi.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþyktir, fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu, um akfæra sýslu- og hreppavegi.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á eða fær óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum innan sýslu, samkvæmt álit og tillögum vegamálastjóra, að gera samþyktir fyrir sýsluna eða nokkurn hluta hennar, skal hún, með nægum fyrirvara, kveðja til fundar á svæði því, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir. Eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir, er á því svæði búa og kosningarrjett hafa til Alþingis. Sýslunefnd kveður á um fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kjörið til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykkt af sýslunefndinni. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, er eigi hefir náð $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða á samþyktarfundi, er fallið og má eigi koma fram að nýju í sýslunefnd fyr en á næsta aðalfundi sýslunefndar.

4. gr.

Nú er samþykkt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþyktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hve nær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er á því svæði búa, er hún nær yfir.

Samþykkt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykkt skulu ávalt vera ákvæði um stjórn vegamála á samþykta-svæðinu og hreppsvegagjöld, sem eigi þurfa að vera bundin við hámark vegalaganna. Heimilt er að áskilja í samþykkt framlög til vega eftir jarðardýrleika, eða lausafjáreign, eða hvorutveggja, eftir því sem hentast þykir.

6. gr.

Gjöldum til vega samkv. samþykktum fylgir lögtaksrjettur eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885.

7. gr.

Fyrir brot gegn samþykkt má ákveða sektir, allt að 200 kr., er renna í sveitarsjóð þar sem brotið er framið, og fer um mál út af slíkum brotum sem um almenn lögreglumál.